

Dýpkun Grynslanna, Sveitarfélagið Hornafjörður

Ákvörðun um matsskyldu

1 Inngangur

Þann 13. júní 2022 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Sveitarfélaginu Hornafirði um Dýpkun Grynslanna samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 2.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Hafrannsóknastofnunar, Orkustofnunar og Umhverfisstofnunar.

2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Dýpkun á Grynslunum, Hornafirði. Matsskyldufyrirspurn. Sveitarfélagið Hornafjörður-VSÓ Ráðgjöf. Júní 2022.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá Hafrannsóknastofnun 18. júlí 2022, Orkustofnun 12. júlí 2022 og Umhverfisstofnun 26. júlí 2022.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila 3. ágúst 2022.

3 Fyrirhuguð framkvæmd

Fyrirhuguð framkvæmd felst í dýpkun siglingarleiðar um Grynslin við Hornarfjarðarós og hins vegar efnislosun í sjó, áætlað efnismagn er 300.000 m³. Í greinargerð Sveitarfélagsins Hornarfjarðar segir að Grynslin séu sandrif sem takmarki djúpristu skipa sem sigla yfir þau en meðaldýpt á þeim sé talin vera um 7-7,5 m. Skip sem sigla um svæðið risti mest um 6,8-7,4 m. Núverandi aðstæður við Grynslin hafi þannig áhrif á skipulagningu veiða og vinnslu á Hornafirði og áhrif á þróunarmöguleika útgerðar á Hornafirði. Reglulega verði tafir á siglingum um Ósinn og Grynslin yfir vetrarmánuðina vegna ölduhæðar en uppsjávarskipin sem rista mest á siglingu sinni yfir Grynslin geti ekki siglt ef ölduhæð fer yfir 3-4 m. Reka skipin oft niður á siglingu sinni yfir Grynslin og eigi það einnig til að stöðvast í miðjum Grynslunum. Tilgangur framkvæmdarinnar sé því að dýpka siglingarás um Grynslin niður í -11 m svo skip geti siglt í flestum veðrum. Nákvæm staðsetning siglingarásarinnar hafi ekki verið ákvörðuð en dýpkun muni fara fram innan þess reits sem afmarkaður er á mynd 2.1 í greinargerð. Dýpkunin komi til með að fara fram með sanddæluskipi og gert sé ráð fyrir að hún fari fram á tímabilinu frá mars fram í nóvember. Dýpkun á þessu svæði sé ekki ákjósanleg frá nóvember fram í apríl vegna „háöldu“. Efnislosunarsvæðið sé 150 x 150 m að stærð og staðsett 5 km suðaustan af Hvanney (Mynd 2.1). Eitthvað hafi verið losað á svæðinu áður fyrr en ekki liggja fyrir upplýsingar um magn eða tíðni þess.

4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Sveitarfélagsins Hornarfjarðar og umsögnum umsagnaraðila.



Botndýralíf

Í greinargerð Sveitarfélagsins Hornafjarðar kemur fram að úttekt hafi verið gerð árið 2022 á botndýralífi í grennd við fyrirhugað losunarsvæði á vegum Náttúrustofu Suðausturlands. Ekki hafi verið talin þörf á sýnatöku á dýpkunarsvæðinu vegna stöðugra sandflutninga sem eigi sér þar stað.

Botngreiparsýni hafi verið tekin í marsmánuði á fjórum stöðum, eitt innan losunarsvæðis og þrjú utan til samanburðar. Niðurstöðurnar hafi sýnt að botnsetið sé fínkornóttur sandur og að botndýralíf á sýnatökustaðnum sé tiltölulega fábrotið. Ekki sé þar mikil tegundaauðgi en öldurótið með tilheyrandi setflutningum á svæðinu sé talið valda því að botndýra eigi erfitt uppdráttar á svæðinu. Engar fágætar tegundir fundust í sýnunum. Í skýrslunni sé þó bent á að ekki sé hægt að fullyrða tegundaauðgi svæðisins með svo fáum sýnum.

Í greinargerðinni segir að erfitt sé að spá fyrir um áhrif losunar á vistkerfi svæðisins þar sem áhrifin ráðist m.a. af magni efnis sem losað er og dreifingu þess inn á nærliggjandi svæði. Að ofansögðu meti Sveitarfélagið Hornafjörður að um óveruleg áhrif verði að ræða á botndýralíf. Sveitarfélagið telur að áhrifin á botndýr verði staðbundin, tímabundin og að nokkru eða öllu leiti afturkræf vegna strauma og setflutninga á svæðinu. Þess megi vænta að botndýr á svæðinu séu aðlöguð óstöðugum aðstæðum.

Orkustofnun bendir á í umsögn sinni að leita beri leiða til hagnýtingar á efni á landi áður en því sé varpað í hafið á ný. Slík nýting sé í samræmi við viðmið OSPAR samningsins um verndun NA Atlantshafsins. Einnig benda þeir á að ekki liggi fyrir hver kornastærð né gerð þess efnis sé sem áformað er að taka af Grynnslnum. Einungis hafi verið sýnt fram á kornastærð þess efnis sem finnst á áformuðu losunarsvæði.

Í svari framkvæmdaraðila er vísað til niðurstaðna úr botnsýnatöku á Grynnslnum frá árinu 2015 sem styðji við þá umfjöllun sem finna megi í greinargerðinni. Fínan sand með kornastærð undir 0,5 mm.

Sveitarfélagið tekur hinsvegar undir með Orkustofnun að sjálfbærni nýtingar efnis sé mikilvægt. Engin aðstaða sé hinsvegar til uppdælingar á landi og til frekari nýtingar á Hornafirði. Kostnaðurinn við að koma upp slíkri aðstöðu sé ekki raunhæfur né myndi hafa umhverfislegan ávinning í för með sér í þessari framkvæmd, sigla efninu langan veg og dæla upp á land.

Fornleifar

Í greinargerð sveitarfélagsins Hornafjarðar kemur fram að ekki sé búist við fornleifum innan framkvæmdasvæðisins, bæði vegna óstöðugra sandflutninga og fyrri dýpkunarframkvæmda á Grynnslnum. Að auki sé ekki um nýjan efnislosunarstað um að ræða. Framkvæmdaraðili metur áhrif framkvæmdarinnar á fornleifar engin til óveruleg.

5 Skipulag og leyfi

Fyrirhuguð framkvæmd er í nálægð við hin ýmsu verndarsvæði og vistgerðir sem hljóta verndar. Engin verndarsvæði eða takmarkanir að landnotkun eru á sjálfu dýpkunar- og efnislosunarsvæði framkvæmdarinnar.

Fyrirhugað efnistöku- og losunarsvæði er utan stjórnsýslumarka sveitarfélaga, sem afmarkast af 115 m utan stórstraumsfjöru.

Framkvæmdin er háð nýtingarleyfi Orkustofunnar skv. 3. gr. laga um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins nr. 73/1990. Einnig þarf leyfi frá Umhverfisstofnun um varp dýpkunarefna í hafið sbr. a. lið 9. gr. laga nr. 33/2004.



6 Niðurstaða

Um er að ræða dýpkun siglingarleiða og efnislosun í sjó um Grynnslin við Hornarfjarðarós. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 2.02 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Eðli, staðsetning og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar, nýtingar náttúruauðlinda og úrgangsmýndunar sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til landnotkunar, magns og getu náttúruauðlinda til endurnýjunar, verndarákvæða, t.a.m. svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd, vegna fornleifa eða á grundvelli alþjóðlegra samninga sem Ísland er bundið af sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Að auki ber að skoða áhrif framkvæmdar í ljósi eðlis og staðsetningar hennar, svo sem með tilliti til umfangs, eðlis, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar og afturkræfni áhrifa og möguleika á að draga úr áhrifum sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Með framkvæmdunum er verið að dýpka siglingarás um Grynnslin með því að fjarlægja allt að 300.000 m³ af fínefni sem svo verður varpað í hafið á stað þar sem efni hefur áður verið losað á. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir fari fram frá mars fram í nóvember. Framkvæmdarsvæðið sem um ræðir er kvíkt og tekur stöðugum breytingum sökum framburðar efnis og ölduróts. Ekki er um verndað svæði að ræða en fyrirhugað framkvæmdarsvæði er umlukið hinum ýmsu verndarsvæðum og vistgerðum. Skipulagsstofnun telur að framkvæmdin komi ekki til með að hafa áhrif á verndarsvæðin.

Ljóst er að áhrif framkvæmdarinnar felast fyrst og fremst í losun efnis á losunarstað sem nú þegar hefur verið raskað. Botndýralíf er algengt og hefur lágt verndargildi og áhrifin bundin við afmarkað svæði og ólíklegt að áhrifin verði veruleg á það líf sem er í þessu umhverfi sem séu aðlöguð óstöðugum aðstæðum. Skipulagsstofnun telur að framkvæmdin muni ekki raska fornminjum á svæðinu og hafa óveruleg áhrif á botndýralíf á framkvæmdarsvæðinu. Að mati Skipulagsstofnunar er líklegt að önnur áhrif framkvæmdarinnar verði engin.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 3. október 2022.

Reykjavík, 26. ágúst 2022

Egill Þórarinnsson

Þórdís Stella Erlingsdóttir